

Reykjavík, 9. desember 2021

SFS2021120069

221. fundur

HG/kg

MINNISBLAÐ**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Efni: Yfirlit yfir húsnæðiskostnað í sjálfstætt starfandi grunnskólum 2019/2020**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir rekstur sex grunnskóla skv. ársreikningi. Tiltekið er að Waldorf Sólstaðir er bæði leik- og grunnskóli og ósundurliðað í ársreikningi. Tjarnarskóli er eingöngu með unglingastig. Ísaksskóli er með 5 ára börn og nemendur frá 1.-4. bekk. Landakotsskóli er með 5 ára börn og nemendur frá 1.-10. bekk. Hjallastefnan Grunnskólar rekur grunnskóla í þrem sveitarfélögum og er húsnæðiskostnaður í Öskjuhlíð um 160.000 pr. nemanda skv. upplýsingum frá fulltrúum Hjallastefnunnar.

	Waldorf-Sólstaðir	Tjarnarskóli	Suðurhlíðarskóli	Ísaksskóli	Landakotsskóli	Hjallastefna Grunnskólar ehf
	leik- og grunn 2020	Ág. 19 til júl. 20	Ág. 19 til júl. 20	2020	2020	Ág. 19 til júl. 20
TEKJUR:						
Rekstrarframlag Reykjavíkur	203.453.319	58.685.493	47.964.990	242.527.873	331.214.947	160.568.293
Skólagjöld*		12.257.888	84.282.920	105.770.533	142.445.344	*
Aðrar tekjur	179.809.739	32.062.328	457.695	253.070.858	142.766.811	555.310.500
Tekjur samtals	383.263.058	103.005.709	132.705.605	601.369.264	616.427.102	715.878.793
GJÖLD:						
Húsnæði kostnaður**	36.784.986	4.951.902	1.047.870	24.000.000	33.584.742	**
Annar kostnaður	316.071.623	89.488.909	114.496.722	530.650.114	564.210.833	713.551.605
Gjöld samtals	352.856.609	94.440.811	115.544.592	554.650.114	597.795.575	713.551.605
Fjármangsgjöld (- tekjur)	1.211.444	-618.892	-13.437	-3.070.402	777.034	184.344
Skattar		1.855.486				505.886
Hagnaður samtals	29.195.005	7.328.304	17.174.450	49.789.552	17.854.493	2.648.730
Nemendur úr RVK	150	39	36	228	256	124
Nemendur úr öðrum sveitarfél.	35	11	15	33	37	23
Nemendur alls	185	50	51	261	293	147
Húsnæðiskostn / nemendur alls	198.838	99.038	165.645	91.954	114.624	160.000 **
*Skólagjöld í Waldorf og grunnskóla Hjallastefnu eru innifalín í Öðrum tekjum						
**Húsnæðiskostnaður í grunnskóla Hjallastefnu eru innifalín í Öðrum kostnaði. Húsnæðiskostnaður pr. nemanda er 160.000 skv. upplýsingum frá skólanum						

Húsnæðiskostnaður pr. nemanda í þessum skólum skv. ofangreindu er **100 – 200þús.kr.** ár ári.

Samkvæmt viðmiði Hagstofu þá var framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla pr. nemanda á ári m.v. 2020 (meðaltal ársins) kr. 1.520.000. Þetta er 75% af heildarkostnaði pr. nemanda á ári á landsvísu (75% af 2.026.667kr.) .

Ekki liggur fyrir sundurliðun á þessari viðmiðunaryrphæð Hagstofunnar. Samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þá er innri leiga 18% af heildarkostnaði við grunnskólanema á landsvísu. Ekki liggur fyrir í tölum sambandsins hver annar húsnæðiskostnaður er – en annar húsnæðiskostnaður samkvæmt bókhaldi SFS er 2,5% (orkukostnaður, sorp, ræsting, minniháttar viðhald, tryggingar ofl.). Viðbúið er að annar húsnæðiskostnaður sé sambærilegur í öðrum sveitarfélögum eða um 2,5% af rekstri.

Framlag (75% af ársmeðaltali 2020 á landsvísu) 1.520.000-

Húsnæðiskostnaður:

Innri leiga á landsvísu (18%)	273.600.-
Annar húsnæðiskostnaður (2,5%)	38.000.-
Húsnæðiskostnaður alls	311.600.-

Ef þessi hlutföll, þ.e. innri leiga 18% og annar húsnæðiskostnaður 2,5% er lögð á framlag til sjálfstætt starfandi skóla er húsnæðishluti framlags til sjálfstætt starfandi grunnskóla u.þ.b. 311 þús. kr. per nemanda á sama tíma og húsnæðiskostnaður samkvæmt ársreikningum er 100-200 þús.kr.

Ljóst er að framlag sem fer í leigu og húsnæðiskostnað sem Reykjavík greiðir sjálfstætt starfandi skólum (311.600) nýtist þeim að talsverðu leyti í annan rekstur.

Suðurlíðaskóli greiðir Aðventistasöfnuðinum 7,4m.kr. í húsaleigu – en fær styrk hjá söfnuðinum á móti. Búið er að taka tillit til þess í yfirliti þessu og húsnæðiskostnaður pr.nem.(7,4m.kr. + 1m.kr. með húsaleigu) í Suðurlíðaskóla er 165.645.-

Athuga ber að þetta er nálgun byggð á ofangreindum forsendum þ.e. framlag samkvæmt Hagstofu, áætlun um hlutfall innrileigu samkvæmt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og annar húsnæðiskostnaði lagður út frá uppgjöri SFS.